

3. Skólaráðsfundur Hlíðaskóla skólaárið 2024-2025 haldinn 10. febrúar 2025 kl. 8:30 á bókasafni skólans.

Mættir:

- Berglind Stefánsdóttir, skólastjóri
- Brynja Blumenstein, fulltrúi kennara
- Anna Soffía Reynisdóttir, fulltrúi kennara
- Guðni Kristmundsson, fulltrúi starfsmanna
- Bryndís Jónatansdóttir, fulltrúi foreldra
- Marissa Sigrún Pinal, fulltrúi foreldra
- Valgerður María Turusic, fulltrúi grenndarsamfélagsins

Einnig mætt:

- Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, aðstoðarskólastjóri og ritari.

Forföll:

- Sigrún Marta Arnalds, fulltrúi nemenda.

Dagskrá:

Setning fundar

Berglind Stefánsdóttir bauð fundarfólk velkomið og kynnti nýjan fulltrúa í skólaráði Hlíðaskóla. Valgerður María Turusic er ný tekin við sem íþróttafulltrúi Vals og tekur sæti grenndarsamfélagsins. Fundarfólk bauð hana velkomna. Að þessu sögðu var gengið til dagskrár.

Dagskrá

1. Fundargerð frá 6. desember 2024 borin til samþykktar.

Fundargerðin var samþykkt samhljóða með smávægilegum breytingum. Ritara falið að lagfæra það í samræmi við ábendingar fundarmanna.

2. Skóladagatal 2025-2026

Skólastjóri lagði fram drög að skóladagatali fyrir næsta skólaár 2025-2026. Umræða um skipulag skóladaga og starfsdaga. Skólaráð samþykkti drögin af skóladagatali samhljóða.

3. Matarmál nemenda – borðað á tveimur stöðum

Breyting var á mataraðstöðu nemenda í janúar þegar ákveðið var að rýmka til og nota hátíðarsalinn samhliða matsal á miðrými til þess að bjóða nemendum hádegismat. Með þessum hætti fá allir nemendur skólans sæti. Rætt var hvernig fyrirkomulagið hefur gengið.

Almennt jákvæð viðbrögð en bent var á nauðsyn þess að meta áhrif breytinganna á nemendur og starfsfólk.

4. Vörðuskóli – unglingaskóli

Skólastjóri upplýsti að umræða um unglingaskóla í Vörðuskóla hafi aftur verið tekin upp og að hún muni upplýsa fundarmenn ef frekari umræða verði um það mál sem varðar Hlíðaskóla. Skólaráð mun fylgjast áfram með þróun málsins.

5. Eftirlitsmyndavélar á unglingagangi

Rætt var um uppsetningu eftirlitsmyndavéla inni í skólanum og úti á skólalóð í ljósi öryggismála. Ýmsar skoðanir komu fram, m.a. um persónuvernd nemenda.

Ákveðið var að ræða málið frekar á næsta fundi þegar fyrir liggur kostnaður um leigu eða kaup á eftirlitsmyndavélum og að fá inn sérfræðing í persónuverndarmálum til að svara spurningum fundarfólks um álitaefni.

6. Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fundarlok

Skólastjóri þakkaði fundarmönnum fyrir komuna og fundi slitið kl. 10:00.